

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um farsímasamband.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Hversu mörg þeirra svæða sem höfðu einungis NMT-farsímasamband þegar það kerfi var lagt niður árið 2010 hafa enn ekkert farsímasamband?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þau svæði sem hafa ekki farsímasamband fái það og ef svo er, hvernig er tímasett áætlun ráðherra í þeim efnum?

Skriflegt svar óskast.